

2. Kröfur um bætur skulu sendar ráðherra. Leitar hann um þær umsagnar
veiðimálastjóra og veiðimálanefndar og skipar matsmenn. Skaðabætur greið- 79
ist að $\frac{1}{2}$ úr rikissjóði og $\frac{1}{2}$ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi sýslu eða 23. júní
sýslna.

12. gr.

Aftan við 91. gr. laganna bætist: Sama gildir um ólöglegt veiðifang.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

um fóðurtryggingarsjóði.

80

23. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Låenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum og bæjarstjórnnum að gera samþykktir fyrir hlut-
aðeigandi sýslu- eða bæjarfélög um stofnun fóðurtryggingarsjóða til varnar
gegn fódurskortu.

2. gr.

Ríkissjóður skal leggja fram allt að 75 þús. krónur árlega til fóðurtrygg-
ingarsjóða samkvæmt lögum þessum.

Í byrjun hvers árs skal reikna út, hvernig skipta beri framlagi ríkissjóðs
milli sýslu- og bæjarfélaga, og séu skiptin gerð í réttu hlutfalli við búfjáreign
framteljenda. Í reglugerð skal ákveða, hvernig búféð skuli lagt í einingar til að
skipta framlaginu eftir. Strax og skipting hefir farið fram, skal tilkynna oddvit-
um sýslunefnda og bæjarstjórna, hver sé hlutur hverrar sýslu og bæjar á yfir-
standandi ári.

3. gr.

Þegar stofna skal fóðurtryggingarsjóð í sýslu- eða bæjarfélagi, skal gera um það samþykkt á fundi sýslunefndar eða bæjarstjórnar.

Í samþykkt skal ákveða, á hvern hátt afla skuli fjár í fóðurtryggingarsjóð, og má ákveða, að gjaldinu sé jafnað að nokkru eða öllu leyti á búfjáreigendur og eftir hvaða reglum það sé gert. Hver bóndi stendur innheimtumanni skil á greiðslu fyrir það búfé, sem framleitt er á jörðinni eða hans ábúðarhluta af henni. Heimilt er sýslunefnd og bæjarstjórn að taka upp í samþykkt ákvæði um það, að framlag til fóðurtryggingarsjóðs falli niður, er sjóðurinn hefir náð ákveðnu hámarki, svo og önnur ákvæði um meðferð sjóðsins og ráðstafanir gegn fódurskortu, þar á meðal að til sé lágmarksfóðurforði, eftir því sem hann hefir verið ákveðinn í hverjum hreppi. Einnig að höfuðstól sjóðsins megi aldrei skerða og heimild til þeirra ráðstafana, sem um ræðir í 10. gr.

4. gr.

Nú hefir sýslunefnd með meiri hluta atkvæða gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, og skulu þá sýslunefndarmenn bera frumvarpið upp hver í sínum hreppi á almennum sveitarfundi, er boðað sé til samkv. niðurlagsákvæðum 28. gr. sveitarstjórnarlaganna, og skulu þeir fundir haldnir áður en 6 vikur eru liðnar frá sýslufundi þeim, sem samþykktina gerði. Atkvæðisrétt á fundum þessum hafa þeir einir, sem búfé eiga og eru 18 ára eða eldri. Þegar frumvarp sýslunefndar til samþykktar um stofnun fóðurtryggingarsjóðs hefir verið borið upp á fundum í þeim hreppum, sem samþykktinni er ætlað að taka til, skulu fundargerðirnar sendar oddvita sýslunefndar, en hann telur saman atkvæðin. Ef meiri hluti samanlagðra atkvæða á hreppafundunum hefir goldið samþykktinni jákvæði sitt, sendir oddviti hana atvinnumálaráðherra til staðfestingar. Virðist ráðherra hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Nú hefir bæjarstjórn með meiri hluta atkv. gert samþykkt um stofnun fóðurtryggingarsjóðs, og skal bæjarstjórn þá með auglýsingu boða alla búfjáreigendur í bæjarfélaginu, 18 ára og eldri, með nægilegum fyrirvara á fund til þess að greiða atkvæði um samþykktina. Telst hún samþykkt, ef meiri hluti fundarmanna geldur henni jákvæði sitt. Sendir bæjarstjórn hana síðan atvinnumálaráðherra til staðfestingar, og fer um hana að öðru leyti sem um sýslusamþykkt væri að ræða.

Samþykkt, sem ráðherra hefir staðfest, má ekki breyta á annan hátt en hún var sett.

5. gr.

Heimilt er þeim hreppum, þar sem eru starfandi fóðurbirgðafélög, eða frumvarp um stofnun fóðurtryggingarsjóðs hefir ekki hlotið meiri hluta atkvæða á sveitarfundi, sbr. 4. gr., að vera utan þátttöku í stofnun fóðurtryggingar-

sjóðs, enda tilkynni hlutaðeigandi hreppar oddvita sýslunefndar ákvörðun sína 80
eigi síðar en 4 vikum frá því sýslunefnd hefir samþykkt stofnun fóðurtrygging- 23. júní
arsjóðs. Skal oddviti þá, með niðurlagsákvæði í samþykkt, áður en hún er send
til staðfestingar, tilkynna, fyrir hverja hreppa sýslunnar hún skuli gilda, ef hún
tekur ekki til þeirra allra.

6. gr.

Fóðurtryggingarsjóður, sem stofnaður er samkvæmt lögum þessum, á rétt
á framlagi ríkissjóðs, sem um getur í 2. gr., en þó aldrei hærri upphæð en fram
er lögð á móti.

7. gr.

Stjórn hvers fóðurtryggingarsjóðs skal skipuð þrem mönnum. Kys sýslu-
nefnd eða bæjarstjórn tvo, en sá þriðji skal skipaður af landbúnaðarráðherra,
að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, og er hann formaður.

8. gr.

Sýslunefnd eða bæjarstjórn ákveður innheimtumenn sjóðsgjalda, og má fela
það oddvitum hreppanna. Innheimtumenn afhenda sjóðsstjórninni gjöldin, og
skal hún sjá um, að sjóðurinn sé ávaxtaður á trygган hátt, og aldrei má festa
hann þannig, að hann sé ekki til í handbæru fé á haustnóttum.

Reikningsár fóðurtryggingarsjóða sé miðað við 1. sept. Sjóðsstjórnir semja
reikninga fóðurtryggingarsjóða og senda þá til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. nóv.,
og skulu þeir endurskoðaðir með landsreikningunum.

Í reikningum fóðurtryggingarsjóða skal halda sérreikning fyrir hverja jörð
í sýslunni, og skal á honum sjást, hvað gildið er í sjóðinn vegna þess búfjár, sem
framfleytt er á jörðinni, og á jarðarhluta hvers bónda, séu þeir fleiri en einn.
Á sama hátt skal sjást, hvað hver bóndi fær að láni úr sjóðnum eða þiggur sem
styrk. Á 5 ára fresti skal endurgreiða ábúendum þeirra jarða, sem ekki hafa
þurft að nota sjóðinn, hálf framlag þeirra í hann fyrir umrætt árabíl.

Verði ábúendaskipti á jörð, má á sama hátt endurgreiða fráfarandi ábúanda
hálf framlag hans í sjóðinn, enda séu þá öll sömu skilyrði til staðar, önnur en
færri ára ábúð.

Um búfjáreigendur í kaupstöðum gilda sömu ákvæði og um ábúendur á jörð.

Ákvæði þriðju og fjórðu málsgreinar koma ekki til framkvæmda þar, sem
svo er ákveðið í samþykkt, að fóðurtryggingarsjóð megi ekki skerða.

9. gr.

Þegar fóðurskortur verður, úthlutar sjóðsstjórnin fóðurbæti til þeirra
hreppa, sem verst eru staddir. Þessi úthlutun fer fram að fengnum tillögum forða-
gæzlumanna, og sjá hreppsnefndir um úthlutunina, hver innan sins hrepps. Fóð-
urbætirinn skal lánaður vaxtalaust, en sjá skal hreppsnefnd um fulla greiðslu
á andvirði hans, eigi síðar en 14. ágúst sumarið eftir að fóðurbætirinn var lán-
aður. Um trygging fyrir andvirði fóðurbætis til handa hreppsnefndum sé ákveðið

80 í samþykkt. Sé um bæjarfélag að ræða, tekur bæjarstjórn að sér hlutverk hrepps-
23. júní nefndar í sveitum.

10. gr.

Stjórn fóðurtryggingarsjóðs er heimilt, ef samþykkt kveður svo á, að semja við verzanir héraðsins, eina eða fleiri, um að þær birgi sig af fóðurvörum, eftir því sem sjóðsstjórnin telur nauðsynlegt, og annist öll útlán vörunnar og innheimtu á andvirði hennar, gegn því að sjóðsstjórnin sjái hlutaðeigandi verzlunum fyrir vaxtalausú láni úr sjóðnum í allt að 8 mánuði til fóðurvörukaupanna.

11. gr.

Nú verður almennur fódurskortur vegna óvenjulegra vetrarharðinda, og er þá sjóðsstjórninni heimilt, með samþykki sýslunefndar og að fengnum tilögum viðkomandi hreppsnefndar, að láta nokkuð af fóðurforða sjóðsins endurgjaldslaust til þeirra bænda, sem verst eru staddir með fóðurforða og efnahag, enda sé sannað, að ásetning þeirra að haustinu hafi ekki verið verri en í meðallagi.

Á sama hátt má bæta tjón á fódri, sem einstakir bændur verða fyrir, svo sem ef hey brenna óvátryggð, ef vatn eyðir heyi o. fl. Þó má aldrei bæta þann skaða meira en að $\frac{1}{5}$ hluta, að dómi forðagæzlumanna og hreppsnefndar, og því aðeins, að minnst $\frac{1}{3}$ heildarforðans hafi eyðilagzt.

Aldrei má þó verja meira en hálfum höfuðstól sjóðsins til styrktar samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Atvinnumálaráðuneytið semur fyrirmynd að samþykktum fóðurtryggingarsjóða til hliðsjónar fyrir sýslunefndir.

13. gr.

Ef starfsemi fóðurtryggingarsjóðs leggst niður í þeirri mynd, sem lög þessi gera ráð fyrir, er sjóðurinn eign hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarfélags. Aldrei má þó verja sjóðnum eða vöxtum hans til annars en fóðurtrygginga.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.